

Vestfjarðastofa

# STARFSÁÆTLUN 2021

## Stjórn Vestfjarðastofu:

Stjórn Vestfjarðastofu fundar mánaðarlega og hefur frá upphafi nýtt fjarfundabúnað með góðum árangri. Fundargerðir stjórnar eru birtar á vefsíðunni www.vestfirdir.is og eru jafnframt sendar sveitarfélögum til kynningar í sveitarstjórn.

| | |
|---|---|
| Hafdís Gunnarsdóttir | Ísafjarðarbæ, formaður |
| Þórir Guðmundsson | Ísafjarðarbær |
| Jóhanna Ösp Einarsdóttir, | Reykhólum |
| Kristján Jón Guðmundsson | Bolungarvíkurkaupstað |
| Iða Marsibil Jónsdóttir | Vesturbyggð |
| Þorsteinn Másson | Arnarlax |
| Hólmfríður Vala Svavarsdóttir | Hótel Ísafjörður |
| Kristján Jóakimsson | HG |
| Ágústa Ýr Sveinsdóttir, | Þörungaverksmiðjunni á Reykhólum |

Vestfjarðastofa

## Inngangur:

Vestfjarðastofa hefur nú verið starfandi í þrjú ár en stofnfundur Vestfjarðastofu ses var 1. desember 2017.

Undir Vestfjarðastofu heyrir skrifstofa Fjórðungssambands Vestfirðinga og verkefni á sviði atvinnu- og byggðaþróunar, menningarmál og ferðaþjónusta.

Vestfjarðastofa steig fyrstu skref á árinu 2018, þau byggðu á miklu og góðu starfi forvera hennar. Verkefnin sem unnin voru á árinu 2018 voru mikilvæg því þau vörðuðu leiðina á árinu 2019. Á árinu 2020 var mikil áhersla lögð á að efla atvinnuþróunarþátt Vestfjarðastofu með samstarfi við fyrirtæki, klasa og samtök fyrirtækja á fjölbreyttum sviðum í fjölda verkefna.

Áhersla verður áfram á árinu 2021 lögð á verkefni sem leggja grunn að frekari fjárfestingum á svæðinu, verkefni þar sem litið er til framtíðar með áherslu á nýsköpun og þróun á áherslusviðum Sóknaráætlunar Vestfjarða. Til að markmið og áherslur Sóknaráætlunar Vestfjarða voru við gerð Sóknaráætlunar tilteknar forsendur árangurs. Þær forsendur eru til dæmis stór hagsmunamál varðandi samkeppnishæfni svæðsins svo sem vetrarþjónusta, flutningsmál raforku og fjarskiptamál. Áfram verður því þungi í hagsmunagæslu svæðsins á árinu 2021.

Árið 2019 var unnin ný Sóknaráætlun fyrir Vestfirði þar sem meðal annars er lögð rík áhersla á vöruþróun í starfandi fyrirtækjum, stafræna þróun á svæðinu og að styrkja rekstrargrundvöll fyrirtækja á svæðinu. Í þeirri starfsáætlun sem hér er lögð fram er lögð áhersla á að verkefni svari áfram kalli nýrrar Sóknaráætlunar auk þess sem endurskoðun Sóknaráætlunar verður meðal verkefna ársins.




# Vestfjarðastofa

Vestfjarðastofa




# Hlutverk Vestfjarðastofu

**Vestfjarðastofa** styður einstaklinga, fyrirtæki, félagasamtök og sveitarfélög á Vestfjörðum við að ná árangri á sviði nýsköpunar og atvinnuþróunar. Vestfjarðastofa er í forsvari gagnvart stjórnvöldum, sinnir markaðssetningu og svæðasamstarfi á Vestfjörðum.




# Áhersluflokkar

Vestfjarðastofa hefur skilgreint fjóra áhersluflokka til ársins 2027 og undir hverri þeirra eru þrjár áherslur

Vestfjarðastofa

# Áherslur og markmið 2021

| Þekking | Ráðgjöf | Umhverfi | Markaður | Menning |
|---|---|---|---|---|
| Miðla og túlka niðurstöður íbúakannana, stöðugreininga og mælanlegum gögnum um stöðu samfélaga og atvinnulífs. | Að verkefni frá Vestfjörðum fái að minnsta kosti 200 milljónir króna úr sjóðum utan svæðis | Samgönguáætlun Vestfjarða kynnt og birt | Að halda þrjár til fjórar vinnustofur til aðstoða fyrirtæki við að hagnýta vörumerkið Vestfjarðaleiðin | Að stuðla að fjölbreyttri miðlun Vestfirskrar menningar á bæjarhátíðum á Vestfjörðum |
| Vestfjarðastofa taki þátt í að minnsta kosti fjórum samstarfsverkefnum við fyrirtæki og stofnanir | Að fyrirtæki á Vestfjörðum nýti stuðning til nýsköpunar svo sem skattafrádrátt vegna nýsköpunar í auknum mæli | Að koma á eða taka þátt í að minnsta kosti einu stóru samstarfsverkefni á sviði umhverfis eða loftslagsmála | Að tengja saman smáframleiðendur og veitingastaði á Vestfjörðum með markvissum hætti. | Að stuðla að auknum sýnileika Vestfirskrar menningar á landsvísu (líka tala um þessa brottfluttu) |
| Mannauðsstefna Vestfjarðastofu verði unnin og samþykkt af stjórn fyrir mitt ár 2021 | Að efla og auka virkni samtaka atvinnurekenda á öllum svæðum og halda sameiginlegan "ársfund" | Að taka þátt í og stuðla að minnsta kosti tveimur verkefnum sem ýta undir orkuskipti | Að undirbúa og efla fyrirtæki á Vestfjörðum til viðspyrnu | Að ýta undir og aðstoða vestfirskar barnamenningarhátíðir |
| Að taka þátt í að minnsta kosti einu fjölþjóðlegu samstarfsverkefni sem felur í sér yfirfærslu á þekkingu | Að fylgjast með og miðla upplýsingum um aðstoð til fyrirtækja til viðspyrnu og vaxtar | Að Vestfjarðastofa standi að minnsta kosti þremur til fimm verkefnum sem ýta undir aukna umhverfisvitund fyrirtækja og eða íbúa | Að móta starfsemi Áfangastaðastofu í samstarfi við fyrirtæki og sveitarfélög | Auka samtal við vestfirsk sveitarfélög um menningarmál |
| Að komið verði á að minnsta kosti tveimur samstarfsverkefnum við sveitarfélög á svæðinu | Að kortleggja, miðla og upplýsa um sérþekkingu starfsmanna | Að umhverfisvottun Vestfjarða verði viðhaldið | Að auka umfjöllum um Vestfirði, vestfirskar afurðir og verkefni Vestfjarðastofu í fjölmiðlum á landsvísu | |

# Fjárhagsáætlun 2021

| | Rekstur skrifstofu | Sóknar-áætlun | Atvinnu-þróun | Byggða-þróun | Menningar-mál | Markaðs-stofa | Samtals áætlun 2021 | Samtals áætlun 2020 | Samtals rauntölur 2019 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | | | | | |
| Framlög vegna Sóknaráætlunar | | 14,000,000 | 12,000,000 | 3,000,000 | | 11,500,000 | 40,500,000 | 35,700,000 | 33,975,000 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 29,000,000 | | | | | | 29,000,000 | 34,300,000 | 43,600,000 |
| Framlög Byggðastofnunar | | 15,000,000 | 42,000,000 | 30,300,000 | | | 87,300,000 | 96,662,000 | 73,893,000 |
| Framlög sveitarfélaga | 8,200,000 | | 6,500,000 | 4,000,000 | 9,900,000 | 6,800,000 | 35,400,000 | 35,400,000 | 37,400,000 |
| Aðrar tekjur | 9,000,000 | | | | | 3,000,000 | 12,000,000 | 67,000,000 | 46,528,069 |
| Framlög Ferðamálastofu | | | | | | 26,400,000 | 26,400,000 | 26,775,000 | 26,775,000 |
| Ónotaðir styrkir f.f. ári | 0 | 2,885,000 | 25,000,000 | 10,000,000 | 1,500,000 | 5,000,000 | 44,385,000 | 68,491,279 | 25,572,534 |
| Ónotaðir styrkir til næsta árs | 0 | | -18,000,000 | 0 | | | -18,000,000 | -25,000,000 | -68,491,279 |
| Endurgreiddur útl. kostn | | | 500,000 | | | | 500,000 | 482,998 | 960,706 |
| | 46,200,000 | 31,885,000 | 68,000,000 | 47,300,000 | 11,400,000 | 52,700,000 | 256,985,000 | 339,811,277 | 220,213,030 |
| Laun og launatengd gjöld | 33,000,000 | 16,000,000 | 48,000,000 | 10,000,000 | 8,000,000 | 28,000,000 | 143,000,000 | 143,000,000 | 133,607,784 |
| Skrifstofukostnaður | 5,400,000 | 850,000 | 2,600,000 | 950,000 | 1,200,000 | 4,500,000 | 15,500,000 | 24,153,188 | 13,858,721 |
| Kostnaður vegna verkefna | 8,000,000 | | 9,000,000 | 11,000,000 | 1,000,000 | 20,000,000 | 49,000,000 | 59,987,700 | 43,159,191 |
| Niðurfelldir styrkir | | | | | | | 0 | | |
| Aðkeyptir verktakar | | | 8,000,000 | | | | 8,000,000 | 21,000,000 | 6,184,291 |
| Greiddir styrkir | | 15,000,000 | | 25,000,000 | | | 40,000,000 | 81,800,000 | 21,000,000 |
| Fyrningar | | | | | | | 0 | | |
| Vaxtgatekjur/(vaxtagjöld) | | | | | | | 0 | | -57,008 |
| | 46,400,000 | 31,850,000 | 67,600,000 | 46,950,000 | 10,200,000 | 52,500,000 | 255,500,000 | 329,940,888 | 217,809,987 |
| Rekstrarniðurstaða | -200,000 | 35,000 | 400,000 | 350,000 | 1,200,000 | 200,000 | 1,485,000 | 9,870,389 | 2,403,043 |

# 1. Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla

## FJÓRÐUNGSÞING OG ÁRSFUNDIR

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Að halda ársfund Vestfjarðastofu 2021 (29. apríl 2021)
- Að halda Fjórðungsþing Vestfirðinga að vori 2021 (29. apríl 2021)
- Að halda Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti 2021 (3.-4. september 2021)

**Árangursmælikvarðar**:

- **Fundir og þing haldnir**
- Efni og fréttir birt á vef og fylgt eftir með erindum sem beint er á Alþingi,ráðuneyti og stofnanir eftir efni máls

## REKSTUR SKRIFSTOFU FV

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Stjórnarfundir, undirbúningur málefna og úrvinnsla málefna frá fundunum.
- Endurskoðun samþykkta FV skv. ákvörðun 65. Fjórðungsþings
- Undirbúa og sækja Landsþing sveitarfélaga, Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og ársfundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
- Rekstur skrifstofu
- Samskipti vegna fjármögnunar við ráðuneyti, Byggðastofnun og Jöfnunarsjóð

**Árangursmælikvarðar**:

- Stjórnarfundir haldnir, fundargerðir birtar og málefnum komið í farveg
- Endurskoðaðar samþykktir lagðar fyrir 66. Fjórðungsþing að vori
- Tengslaneti við landshlutasamtök og Samband íslenskra sveitarfélaga viðhaldið
- Skil á ársreikningum og ársskýrslum

## SAMGÖNGU- OG FJARSKIPTANEFND

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Samgöngu og fjarskiptanefnd er stjórn FV til ráðgjafar um samgöngu og fjarskiptamál.
- Nefndin skilar umsögnum um þingsályktanir um samgöngu og fjarskiptamál og matsáætlanir framkvæmda og leitar eftir afstöðu sveitarfélaga.
- Nefndin fylgir verkefnum eftir með reglulegum fundum með samgöngustofnunum til að ræða stöðu og tímasetningar framkvæmda einstakra verkefna.
- Nefndin er einnig til ráðgjafar um framkvæmd almenningssamgana.
- Nefndin hefur í tvígang unnið Samgönguáætlun Vestfjarða og nefndin hefur lagt til við stjórn FV að unnin verði ný áætlun á árinu 2021
- Innan samgönguáætlunar verður unnin sérstök Jarðagangaáætlun Vestfjarða

**Árangursmælikvarðar**:

- Fundað með samgöngustofnunum.
- Fylgjast með vinnu vegna þjóðvegs 60
- Vinna með Vegagerðinni og sveitarfélögum að skipulagi almenningssamgangna á Vestfjörðum
- Samgönguáætlun Vestfjarða birt
- Jarðgangaáætlun birt







Vestfjarðastofa

# 1. Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla

## SAMSKIPTI VIÐ ALÞINGI OG RÁÐUNEYTI

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Umsagnir um frumvörp og þingsályktanir frá Alþingi og fundir með nefndum Alþingis.
- Umsagnir á samráðsgátt stjórnarráðsins varðandi drög að frumvörpum og reglugerðum frá ráðuneytum og fundir með ráðuneytum.
- Fundir meðal ráðuneyta og þingflokka á Alþingi til að kynna stefnuviðmið, verkefni og forgangsröðun verkefna á vegum Vestfjarðastofu og sveitarfélaga á Vestfjörðum.
- Föst verkefni; árleg fjárlög og ríkisfjármálaáætlun, tveggja til þriggja ára fresti samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun og byggðaáætlun.
- Söfnun upplýsinga og viðhald á gagnasafna um þróun efnahags og byggðþróunar á Vestfjörðum

**Árangursmælikvarðar**:

- Umsagnir um frumvörp og þingsályktanir
- Bætt tengslanet þingmanna (meira en NV kjördæmis) og í ráðuneytum
- Tengsl við skrifstofustjóra málaflokka innan ráðuneyta
- Upplýsingar inn í áætlanir á Vestfjörðum
- Gagnasöfn um þróun efnahags og byggðaþróunar á Vestfjörðum birt á vef
- Umsögn um endurskoðaða Byggðaáætlun

## SAMRÁÐSVETTVANGUR SVEITARFÉLAGA Á VESTFJÖRÐUM

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Ekki eiga öll sveitarfélög aðild að stjórn FV og því er í samþykktum FV ákvæði um samráðsvettvang sveitarfélaga, sem í sitja starfandi oddvitar og framkvæmdastjóra sveitarfélaga.
- Markmið samráðsvettvangsins er að bæta og auka samskipti stjórnar FV við öll sveitarfélög innan FV og fá umræðu um framkvæmd og stefnu verkefna FV.
- Nýjar samþykktir FV eiga einnig að auka beina aðild sveitarstjórnarfulltrúa að Fjórðungsþingum.
- Settur hefur verið á laggirnar Facebook hópur sveitarstjórnarmanna á Vestfjörðum.

**Árangursmælikvarðar**:

- Fundir annan hvern mánuð, að mestu rafrænt.
- Virkur Facebook hópur sveitarstjórnarmanna
- Vettvangur nýttur til að fá inn sjónarmið varðandi verkefni FV
- Vettvangur nýttur til að fá inn sjónarmið og ábendingar um starfsemi Vestfjarðastofu

## TENGSL VIÐ LANDSHLUTASAMTÖK SVEITARFÉLAGA

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Efling sveitarstjórnarstigsins með samstarfi sveitarfélaga innan Vestfjarða og við aðra landshluta.
- Eiga frumkvæði að nýjum verkefnum og eða þróun núverandi verkefna á vettvangi landshlutasamtaka og með Sambandi íslenskra sveitarfélaga, t.d. auka umfang núverandi verkefna mælt í fjármagni og störfum.
- Samráðsfundir, í aðdraganda Landsþings sveitarfélaga, Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga og ársfund Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sumarfundur landshlutasamtaka sveitarfélaga.
- Sameiginlegir fundir landshlutasamtaka /atvinnuþróunarfélaga og Byggðastofnunar

**Árangursmælikvarðar**:

- Viðhald tengslanets framkvæmdastjóra landshlutasamtaka.
- Minnisblöð frá samráðsfundum.
- Samstarfsverkefni milli landshluta





Vestfjarðastofa

# 1. Rekstur skrifstofu og hagsmunagæsla

## STARFSMANNAMÁL VESTFJARÐASTOFU

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

Í samrunaáætlun Vestfjarðastofu var lögð rík áhersla á að tryggja vellíðan starfsmanna og að unnið skuli að verkefnum sem byggja undir sameiginleg gildi, skýra verkaskiptingu og samræmd vinnubrögð.

- Á árinu 2021 verði lokið vinnu við mannauðsstefnu Vestfjarðastofu og starfsmannahandbók. Mannauðsstefna feli í sér jafnlaunastefnu og tekin verði skref að jafnlaunavottun sem ljúki á árinu 2021.
- Farið verði í kynnis- og árshátíðarferð starfsmanna erlendis
- Vikulegir starfsmannafundir
- Daglegir morgunfundir starfsmanna
- Reglulegir teymisfundir
- Allir starfsmenn hittist á funda- og fræðsludegi 2x á ári.

**Árangursmælikvarðar**:

- Mannauðsstefna sem inniheldur m.a. jafnlaunastefnu verði lokið á árinu
- Starfsmannahandbók
- Kynnis- og árshátíðarferð farin
- Vikulegir starfsmannafundir haldnir
- Tveir funda- og fræðsludagar starfsfólks haldnir.

## VEFUR OG SAMFÉLAGS-MIÐLAR VFS

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Mótun stefnu í notkun vefs og samfélagsmiðla
- Áframhaldandi mótun verklags vegna miðlunar á vef og samfélagsmiðla
- Tryggja reglulegar uppfærslur allra miðla þannig að á vef megi jafnan fylgjast með framvindu helstu verkefna og á samfélagsmiðlum megi fylgjast með viðburðum og fá upplýsingar.

**Árangursmælikvarðar**:

- Stefna í notkun vefs og samfélagsmiðla birt
- Verklag innleitt
- Uppfærslur á vef

## GAGNASTJÓRNUN OG TEAMS

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Starfsmenn nái tökum á vistun og miðlun gagna
- Stjórn allra verkefna Vestfjarðastofu verði unnin á Teams
- Gagnageymsla – Hvernig gögn eru geymd, skoðun Metadata
- Greining gagna – Hver er nothæf og mikilvæg, lagaleg og önnur
- Birting gagna, gagnvirkt – Opinber gögn aðgengilegri
- Komið verði á málaskrá Vestfjarðastofu

**Árangursmælikvarðar**:

- Námskeið í notkun Teams verði haldið
- Gert verði mat við lok árs 2021 á notkun Teams
- Að gögn Vestfjarðastofu séu vistuð á réttan hátt.
- Verkefnistjóri verði búin að kynna sér Metadata og vistun gagna
- Prófanir á Metadata og vistun gagna
- Málaskrá Vestfjarðastofu innleidd





Vestfjarðastofa

# Markhópar verkefna

| | Almenningur | Starfsfólk VFS | Frumkvöðlar | Fyrirtæki | Alþingi, ráðuneyti, stofnanir | Sveitarfélög | Fjárfestar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Rekstur skrifstofu FV | | x | | | | x | |
| Tengsl við landshlutasamtök sveitarfélaga | | x | | | | x | |
| Rekstur þróunarseturs / Vestrahúss | | x | | | x | x | |
| Fjórðungsþing og ársfundir | x | x | | x | x | x | |
| Samskipti við Alþingi og ráðuneyti | | | | | x | x | |
| Samráðsvettvangur sveitarfélaga á Vestfjörðum | | x | | | | x | |
| Samgöngu- og fjarskiptanefnd | | | | | x | x | |
| Starfsmannastefna Vestfjarðastofu | | x | | | | | |
| Vefur og samfélagsmiðlar Vestfjarðastofu | x | x | x | x | x | x | x |
| Miðlun upplýsinga um starfsemi Vestfjarðastofu | x | x | x | x | x | x | x |
| Sharepoint og Teams | | x | | | | | |
| Grænu skrefin | | x | | | | | |

Vestfjarðastofa

# 2. Sóknaráætlun Vestfjarða

SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA

## KYNNING SÓKNARÁÆTLUNAR

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Fréttir af framkvæmd Sóknaráætlunar sett á vefmiðla a.m.k einu sinni í mánuði.
- Kynning á framgangi verkefna sem hafa hlotið styrki a.m.k einu sinni í mánuði.
- Upplýsingasíða fyrir áhersluverkefni á vefi Vestfjarðastofu.

**Árangursmælikvarðar**:

- Fjöldi færslna á vefi og samfélagsmiðla
- Virkni upplýsingasíðu fyrir áhersluverkefni

## ÁHERSLUVERKEFNI SÓKNARÁÆTLUNAR

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Auglýst eftir tillögum að áhersluverkefnum á vefmiðlum Vestfjarðastofu.
- Tillögur metnar af starfshópi og forgangsraðað eftir tengingu við markmið og áherslur Sóknaráætlunar
- Farið yfir hugmyndir sem hafa komið fram með samráðsvettvangi.
- Hugmyndir unnar á faglegan hátt og bornar fyrir stjórn.
- Kynning á verkefnum sem valin eru sem áhersluverkefni.
- Eftirfylgni með útvistuðum verkefnum.
- Samningagerð við framkvæmdaaðila áhersluverkefna
- Yfirferð lokaskýrsla og greiðslur samkvæmt samningi

**Árangursmælikvarðar**:

- Fjöldi og gæði tillagna um áhersluverkefni
- Fjöldi áhersluverkefna
- Áhrif verkefna á markmið Sóknaráætlunar
- Samskipti við framkvæmdaaðila
- Verkefnum lokið

## UMSÓKNIR OG ÚTHLUTUN ÚR UPPBYGGINGARSJÓÐI

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Unnið að reglum og áherslum ársins varðandi úthlutun
- Unnið að bæklingi sem dreift er í öll hús á Vestfjörðum
- Auglýsingar á samfélags-og svæðismiðla varðandi umsóknarfrest og reglur Uppbyggingarsjóðs.
- Aðstoð við umsóknir og ráðgjöf.
- Gögnum og umsóknum komið til Úthlutunarnefndar
- Fundir með Úthlutunarnefnd
- Fundað með Stjórn
- Úthlutun kynnt - úthlutunarhátíð

**Árangursmælikvarðar**:

- Fjöldi umsókna
- Fjöldi veittra styrkja






Vestfjarðastofa

# 2. Sóknaráætlun Vestfjarða

SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA

## ENDURSKOÐUN SÓKNARÁÆTLUNAR

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Farið verður í endurskoðun Sóknaráæltunar Vestfjarða 2020-2024.
- Samráð við sveitarfélög og samráðsvettvang

**Árangursmælikvarðar:**

- Birt endurskoðuð Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024

## SAMSKIPTI OG GREIÐSLUR ÚR UPPBYGGINGASJÓÐI

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Samningagerð og samskipti við verkefnastjóra sem styrktra verkefna.
- Yfirferð skýrslna og greiðslur.
- Könnun send árlega til styrkhafa
- Uppgjör og yfirferð bókhalds vegna greiðslna úr Uppbyggingarsjóði

**Árangursmælikvarðar:**

- Niðurstöður árlegrar könnunar
- Fjöldi lokinna verkefna

## KYNNING Á UPPBYGGINGARSJÓÐI

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Fjölga umsóknum um stærri og umfangsmeiri  styrki í Uppbyggingasjóð Vestfjarða.
- Fara árlega yfir reglur og áherslur uppbyggingarsjóðs með starfsfólki.
- Námskeið um gerð styrkumsókna og fræðsla um sjóði fyrir starfsfólk.
- Upplýsingar á vefmiðlum um á þá styrki sem eru í boði.

**Árangursmælikvarðar:**

- A.m.k 4 kynningarfundir á ári varðandi Uppbyggingarsjóð.
- Opið námskeið  um gerð styrkumsókna.
- 1-2 stærri samstarfsverkefni fyrirtækja á Vestfjörðum fái styrk úr Uppbyggingasjóði Vestfjarða.



Vestfjarðastofa

# Markhópar verkefna

| Verkefni | Markhópur | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Almenningur | Starfsfólk VFS | Frumkvöðlar | Fyrirtæki | Alþingi, ráðuneyti, stofnanir | Sveitarfélög | Fjárfestar |
| Kynning Sóknaráætlunar og Uppbyggingarsjóðs | x | x | x | x | | x | |
| Áhersluverkefni Sóknaráætlunar | x | x | x | x | x | x | x |
| Umsóknir og úthlutun úr Uppbyggingarsjóði | x | x | x | x | | x | x |
| Samskipti og greiðslur úr Uppbyggingarsjóði | | | x | x | | | |
| Endurskoðun Sóknaráætlunar | x | x | x | x | x | x | x |

Vestfjarðastofa

# 3. Atvinnuþróun

## SAMSTARF VESTFJARÐASTOFU OG ATVINNULÍFS

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Samtök atvinnurekenda á Vestfjörðum virkjuð betur.
- Þessi vettvangur notaður til aukins samstarfs við fyrirtækin.
- Fundað reglulega með samtökum atvinnurekenda á Vestfjörðum
- Heimsóknir í fyrirtæki
- Boðað reglulega til opinna funda með frumkvöðlum og atvinnurekendum á Vestfjörðum

**Árangursmælikvarðar**:

- Atvinnuráðgjafi sitji einn fund með hverju félagi.
- Atvinnuráðgjafi haldi sameiginlegan ársfund samtakanna á Vestfjörðum.
- Miðlun upplýsinga til fyrirtækjanna í gegnum samtökin.
- Komið á að minnsta kosti einu samstarfsverkefni samtaka fyrirtækja á Vestfjörðum og Vestfjarðastofu

## *NÝSKÖPUNAR- OG SAMFÉLAGSMIÐSTÖÐVAR

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Í samstarfi við sveitarfélög og fyrirtæki verði unnið áfram að því að styrkja rekstrargrundvöll nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðva með að markmiði að í hverjum byggðakjarna á Vestfjörðum verði starfrækt miðstöð í einhverju formi.
- Skilgreindar og vel kynntar nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar á hverju svæði.
- Aukið samstarf miðstöðvanna skiptir miku um þróun svæðsins.
- Sameiginlegt kynningarefni til að kynna möguleika fyrir aðstöðu fyrir fólk sem starfar án staðsetningar
- Sameiginleg kynningarsíða miðstöðvanna

**Árangursmælikvarðar**:

- Yfirlit yfir Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar á Vestfjörðum á vef Vestfjarðastofu.
- Mat á nýtingu, áhrifum og árangri af nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvum á Vestfjörðum
- Að minnsta kosti eitt sameiginlegt verkefni miðstöðvanna á ári.
- Ein sameiginleg styrkumsókn í erlenda sjóði.

## *VESTFIRÐINGAR - ALMANNATENGSL

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Til að auka slagkraft og samhæfa aðgerðir til kynningar á Vestfjörðum, einkum varðandi atvinnulíf og fjárfestingakosti.
- Skilgreindur verði almannatengslafulltrúi Vestfjarðastofu
- Viðtöl verði birt við starfsfólk Vestfjarðastofu um verkefni á döfinni
- Myndbönd gerð og miðlað um einstök verkefni og framvindu þeirra
- Markviss miðlun fréttatilkynninga um starfsemi Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga

**Árangursmælikvarðar**:

- Miðlun á sögum fyrirtækja á Vestfjörðum
- Kynningar á starfsfólki Vestfjarðastofu og sérhæfingu þeirra
- Fleiri fréttir í fjölmiðlum tengdar Vestfjarðastofu og Fjórðungssambandi Vestfirðinga






*** Verkefnið tilheyrir einnig Byggðaþróun**

Vestfjarðastofa

# 3. Atvinnuþróun

## SJÁVARÚTVEGSKLASI VESTFJARÐA

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Stefnumótun til framtíðar
- Fjölgun fyrirtækja í klasanum
- Viðhalda reglulegum fundum

**Árangursmælikvarðar**:

- Stefna og verkáætlun klasans tilbúin í mars 2021
- Að fyrirtækjum í klasanum fjölgi um minnst þrjú
- Mánaðarlegir fundir haldnir

## FISKELDI Á VESTFJÖRÐUM

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Framtíðarsýn í fiskeldi á Vestfjörðum, samstarf við fyrirtæki og sveitarfélög um að móta sameiginlega sýn um uppbyggingu fiskeldis á svæðinu, uppbyggingu innviða og aðgerða fyrirtækja og sveitarfélaga.
- Birting og kynning niðurstaðna verkefna sem unnin voru á árinu 2020
- Að nýta niðurstöður sem verkfæri til umræðna og ákvarðana um næstu skref
- Móta þarf aðgerðaáætlun byggða á gagnasöfnun ársins 2020
- Finna samstarfsvettvang fyrir fiskeldisfyrirtæki og þjónustuaðila á Vestfjörðum

**Árangursmælikvarðar**:

- Stefnumótunarskýrsla fyrir fiskeldi á Vestfjörðum
- Samráðsfundnir haldnir
- Aðgerðaáætlun mótuð í samstarfi við ríki, sveitarfélög og fyrirtæki
- Að minnsta kosti eitt samstarfsverkefni fiskeldisfyrirtækja, þjónustuaðila og Vestfjaraðstofu mótað á árinu 2021

## ÞARI OG ÞÖRUNGAR

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Aðstoð við þörungaræktun og nýtingu, eflingu tengslanets og Evrópusamstarf
- Hagsmunagæsla – skoða og vinna að úrbótum á leyfismálum vegna þararæktar
- Stuðlað verði að stöðugri vöktun í fjörðum
- Unnið að strandsvæðaskipulagi

**Árangursmælikvarðar**:

- Samstarfsfundir með fyrirtækjum og verkefnishópur myndaður.
- Vestfjarðastofa geti veitt upplýsingar varðandi ferla fyrir þaranytjar og umhverfiskröfur í þeirri grein
- Skipulögð vöktun á vegum hins opinbera hafin
- starfshópur verði skipaður ða hálfu sjávarútvegsráðherra um nýtingu þangs og þara samkvæmt ályktun 65. Fj.þings
- Strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði liggi fyrir





Vestfjarðastofa

# 3. Atvinnuþróun

## BETRI OG FLEIRI UMSÓKNIR FRÁ VESTFJÖRÐUM

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Fjölga umsóknum fyrirtækja og sveitarfélaga á Vestfjörðum í innlenda sjóði svo sem Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, Rannís og Matvælasjóð
- Fjölga umsóknum um stærri og umfangsmeiri umsóknum í Uppbyggingasjóð Vestfjarða.
- Fara árlega yfir reglur og áherslur uppbyggingarsjóðs með starfsfólki.
- Námskeið um gerð styrkumsókna og fræðsla um sjóði fyrir starfsfólk.
- Kynna betur á síðu Vestfjarðastofu á fb þá styrki sem verið er að auglýsa.

**Árangursmælikvarðar**:

- Verkefnið „Hugsum hærra“ fer af stað og skilar 3-5 góðum umsóknum inn í stærri sjóði og a.m.k. ein umsókn fær brautargengi.
- 1-2 stærri samstarfsverkefni fyrirtækja á Vestfjörðum fái styrk úr Uppbyggingasjóði Vestfjarða.
- 15-20 minni umsóknir fari frá Vestfjörðum í sjóði aðra en Uppbyggingarsjóð og 5-6 verkefni fái brautargengi
- Að minnsta kosti eitt alþjóðlegt verkefni með þátttöku vestfirskra fyrirtækja

## FYRIRTÆKJAKÖNNUN

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Vestfjarðastofa tekur ásamt fleiri landshlutum þátt í gerð fyrirtækjakönnunar sem unnin er af SSV.
- Niðurstöður 2021 verði kynntar á opnum fundum og með gerð myndbands sem dreift verður á vef og samfélagsmiðlum.
- Nýta niðurstöður síðustu könnunar til eflingar atvinnulífs.

**Árangursmælikvarðar**:

- Niðurstöður fyrirtækjakönnunar kynntar á fundum
- Myndband með helstu niðurstöðum unnið
- Niðurstöður birtar á vef Vestfjarðastofu ásamt myndbandi.

## HAGNÝTING TÆKNI Í FYRIRTÆKJUM

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Samstarf við Fræðslumiðstöð Vestfjarða um námskeið fyrir eigendur staðbundinna fyrirtækja til að auka notkun stafrænnar tækni og hvetja til aukinnar sölu um netið.
- Meta þarfir og getu fyrirtækja á Vestfjörðum í verslun og þjónustu og framleiðslugreinum til að hagnýta stafræna tækni og leita leiða til úrbóta eftir þörfum.
- Námskeið og fræðsla eftir þörfum

**Árangursmælikvarðar**:

- Greining á stafrænum þörfum og stöðu fyrirtækja
- Að minnsta kosti eitt samstarfsverkefni fyrirtækja í verslun og þjónustu og eitt í framleiðslugreinum sem lýtur að eflingu stafrænnar stöðu og/eða vöruþróun.



Vestfjarðastofa

# 3. Atvinnuþróun

## WESTFJORDS FOOD

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Fjölbreyttar aðgerðir til stuðnings matvælaframleiðendum á Vestfjörðum
- Þekkingaruppbygging meðal matvælaframleiðenda í samstarfi við Fræðslumiðstöð Vestfjarða á sviði framleiðslu og markaðssetningar
- Hvatning til aukins samtarfs matvælaframleiðenda og til sölu á afurðum í nærumhverfi
- Frumkvöðlar og fyrirtæki aðstoðuð við styrkumsóknir í sjóði

**Árangursmælikvarðar:**

- Aukin vitund um matvæli frá Vestfjörðum
- Kynning á fjölbreyttum miðlum á Vestfirskri matvælaframleiðslu
- Fleiri umsóknir frá Vestfirskum fyrirtækjum í Matvælasjóð

## SAMSTARF VIÐ VEITINGAAÐILA

**Verkefnið og aðgerðir ársins:**

- Samstarf Markaðsstofu Vestfjarða, Westfjords Food og veitingaaðila um verkefni til að auka sýnileika veitingaraðila í ferðaþjónustu og á Vestfjarðaleiðinni.

**Árangursmælikvarðar:**

- Samstarfsverkefni með að minnsta kosti 10 veitingaaðilum komið á á Vestfjörðum





Vestfjarðastofa

# 3. Atvinnuþróun

## RÁÐGJÖF TIL FYRIRTÆKJA OG FRUMKVÖÐLA

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Aðstoð við mótun viðskiptahugmynda
- Yfirlestur viðskiptaáætlana
- Leiðbeiningar varðandi leyfismál
- Myndun tengslanets
- Miðlun upplýsinga og fræðsluefnis
- Aðstoð vegna Covid-19 – viðspyrnu

**Árangursmælikvarðar**:

- Fjöldi heimsókna og viðtala
- Allt að 1700 klst. af einstaklingsviðtölum

## NÁMSKEIÐ FYRIR FRUMKVÖÐLA

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

- Stutt rafræn örnámskeið fyrir einstaklinga sem hafa hug á að fara í atvinnurekstur. Blanda af stað- og fjarnámskeiðum.
- Ráðgjöf til styrkþega Uppbyggingarsjóðs eftir úthlutun
- Farið af stað með „Ratsjána“ verkefni til að aðstoða fyrirtæki sem tengjast ferðaþjónustu við undirbúning viðspyrnu eftir heimsfaraldur
- Hugsum hærra, námskeið fyrir fyrirtæki og frumkvöðla með verkefni sem þeir vilja sækja um fyrir í stærri sjóði
- Hæfnihringir kvenna – stuðningsverkefni fyrir kvenfrumkvöðla
- Námskeið og verkefni í samstarfi við Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar

**Árangursmælikvarðar**:

- 3 örnámskeið með 3-5 þátttakendum í hvert sinn
- Námskeið haldið fyrir fyrirtæki sem fá stuðning úr Uppbyggingarsjóði
- Hugsum hærra haldið og skili 3-5 umsóknum í sjóði
- Hæfnihringir nýttir fyrir frumkvöðlakonur
- Ratsjáin haldin og að minnsta kosti 6 fyrirtæki ljúki verkefninu

## KLASI SKAPANDI GREINA

**Verkefnið og aðgerðir ársins**:

Samkvæmt fyrirtækjakönnun eru mörg starfandi fyrirtæki og einstaklingar sem hafa atvinnu tengda skapandi greinum þ.e. Tónlist, útgáfustarfsemi, hönnun, arkitektúr, kvikmyndir, listgreinum, tísku, útvarpi, sjónvarpi o.s.frv. Á árinu 2021 stefnir Vestfjarðastofa að auknu samstarfi við aðila á þessu sviði.

- Kortlagning fyrirtækja á Vestfjörðum sem starfa innan skapandi greina
- Stofnun klasa með 10-15 fyrirtækjum/frumkvöðlum/einstaklingum sem koma af öllum svæðum Vestfjarða

**Árangursmælikvarðar**:

- Kortlagning unnin og miðlað
- Klasi stofnaður og markmið og aðgerðaáætlun mótuð fyrir 2022



Vestfjarðastofa

# 3. Atvinnuþróun

## ATVINNUÞRÓUN Í SAMSTARFI VIÐ SVEITARFÉLÖG

